



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024  
Garðyrkuskólinn Reykjum

## SKÓG1IN03 Skógrækt – inngangur

Kennari:	Björgvin Örn Eggertsson <a href="mailto:boe@fsu.is">boe@fsu.is</a>	
<b>Áfangi</b>	<b>Einingar</b>	<b>Hæfniprep</b>
SKÓG1IN03 – Skógrækt - inngangur	3 fein	1
<b>Lýsing</b> Fjallað er um sögu skógræktar, trjátegundir og skógræktarskilyrði á Íslandi. Mismunandi skógarnytjar og ýmis markmið skógræktar eru kynnt, þ.m.t. nytjaskógrækt, landgræðsluskógrækt og útivistarskógrækt. Kennð eru meginatriði nýræktar skóga, þ.m.t. gróðursetning skógarplantna og áburðargjöf, auk grisjunar, umhirðu og nýtingar skóga, og ræktunar skjólbelta og jólatrjáa. Skipulag skógræktarstarfs og félagskerfi skógræktar hér á landi er kynnt nemendum, ásamt skógrækt á bújörðum. Kynntar eru rannsóknir sem tengjast skógrækt á Íslandi, þ.m.t. rannsóknir á skógarplöntum, trjákyrbætur, úrvalsathuganir, vistfræði skógarins, meindýr, sjúkdómar og trjáskaðar. Fjallað um grenndarskóga og hvernig skógur og náttúra eru nýtt í almennu skólastarfi og námi. Farnar eru vettvangsferðir á skógræktarsvæði.		
<b>Forkröfur</b> Almennar forkröfur garðyrkjunáms		
<b>Þekkingarviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>• Sögu og umfangi skógræktar á Íslandi.</li><li>• Ræktun og friðun á skógum hérlendis.</li><li>• Helstu trjátegundum í skógrækt á Íslandi fyrr og nú.</li><li>• Mismunandi markmiðum með skógrækt.</li><li>• Meginatriðum í nýræktun skóga.</li><li>• Skipulagi skógræktarstarfs og félagskerfi skógræktarinnar sem fags hérlendis.</li><li>• Helstu rannsóknum sem tengjast skógrækt við íslenskar aðstæður.</li><li>• Vandamálum í íslenskri skógrækt og helstu viðbrögðum við þeim.</li><li>• Grenndarskógum og nýtingu þeirra í almennu skólastarfi.</li><li>• Helstu afurðum íslenskra skóga.</li></ul>	<b>Hæfniviðmið</b> Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>• Rökræða stöðu og umfang skógræktarfagsins á Íslandi út frá sögulegum forsendum, metið með rökstuðningi og framsetningu.</li><li>• Rökræða mismunandi markmið með skógrækt í samhengi við verkefni skógræktarstarfs í mismunandi landshlutum, metið með rökstuðningi og framsetningu.</li><li>• Gera sér grein fyrir sérstöðu skógræktar á Íslandi og þess plöntuvals sem notað er til skógræktar hérlendis, metið með rökstuðningi og skriflegu prófi.</li><li>• Sýna skilning á mismunandi leiðum til nýskógræktar og viðbrögðum við helstu</li></ul>	

<p><b>Leikniviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leita sér upplýsingar um sögu skógræktar hérlendis.</li> <li>• Þekkja helstu trjátegundir til skógræktar á Íslandi.</li> <li>• Skoða mismunandi markmið með skógrækt.</li> <li>• Skoða helstu leiðir til nýræktar og umhirðu skóga.</li> <li>• Ræða um félagskerfi skógræktar á Íslandi.</li> <li>• Leita sér upplýsinga um niðurstöður rannsókna í skógrækt.</li> <li>• Greina vandamál í skógrækt og viðbrögð við þeim.</li> <li>• Leita sér upplýsinga um grenndarskóga og verkefni þeim tengdum.</li> </ul>	<p>vandamálum í skógrækt, metið með framsetningu og rökstuðningi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýna skilning á möguleikum til framleiðslu mismunandi skógarafurða úr íslenskum skógum, metið með rökstuðningi og framsetningu.</li> <li>• Sýna skilning á mikilvægi grenndarskóga í almennu skólstarfi og samstarfi garðyrkjufraeðinga við aðra hagsmunaaðila í grenndarskógum, metið með rökstuðningi og kynningu.</li> </ul>
<p><b>Námsmat</b> Verkefni, skýrslur úr skoðunarferðum, skriflegt próf.</p>	
<p><b>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</b> Þessi áfangi er gjarnan kenndur þannig að fengnir eru gestakennarar með sérþekkingu á mismunandi sviðum skógræktar til að kynna nemendum sitt sérsvið.</p>	
<p><b>Tenging við grunnþætti</b> Læsi – nemendur læra að lesa í skógræktarskilyrði og sögu og þróun skógræktar á Íslandi. Sjálfbærni – nemendur verða meðvitaðir um sjálfbæra nýtingu skóga og afurða þeirra. Heilbrigði og velferð – nemendur læra um hvernig skógur getur bætt lífsskilyrði í nágrenni sínu og stuðlað þannig að heilbrigði og velferð þeirra lífvera sem njóta skjólsins. Lýðræði og mannréttindi – nemendur bera ábyrgð á námi sínu og sýna hver öðrum og umhverfi sínu virðingu Jafnrétti – við hópavinnu eru allir nemendur jafnir.</p>	
<p><b>Dags.:</b> <b>Höfundar:</b> Úlfur Óskarsson og Guðríður Helgadóttir</p>	

## Áætlun um yfirferð og verkefni:

Tímar	Efni	Kennarar
30. ágúst. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Skógrækt inngangur kynning og farið út	Björgvin Eggertsson
3. sept. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Saga skóga og skógræktar. Verkefni lagt fyrir	Björn B. Jónsson
17. sept. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Gróðursetning, áburðargjöf, íbætur og umhirða. Skil á verkefni	Hrönn Guðmundsdóttir
24. sept. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Gróðursetning, verklagt. Kynning á verkefnum.	Björgvin Eggertsson
1. okt. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Skógrækt og skógræktarskilyrði á Íslandi	Björgvin Eggertsson
8. okt. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Skipulag skógræktar og áætlanagerð Trjátegundir og kvæmi í skógrækt	Jón Þór Birgisson Björgvin Eggertsson
22. okt. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Lífriki skógarins	Úlfur Óskarsson
30. okt. 9 <sup>00</sup> -15 <sup>45</sup>	Trjámælingar og grisjun. Útivistarskógar.	Björgvin Eggertsson
5. nóv. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Skógrækt í sátt við umhverfið – Starfsemi Skógræktarfélags Íslands.	Ragnhildur Freysteinsdóttir
12. nóv. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Ræktun skóga á rofnu landi Trjáskaðar	Björgvin Eggertsson
19. nóv. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Lesið í skóginn – Grenndarskógar – Skólaþróunarverkefni	Björgvin Eggertsson
26. nóv. 12 <sup>45</sup> -15 <sup>45</sup>	Félagskerfi skógræktar – Skógrækt á bújörðum Skjólbelti. Jólátré	Björn B. Jónsson Hallur Björgvinsson
3. des. 9 <sup>00</sup> -12 <sup>00</sup>	Próf	Björgvin Eggertsson

## Bókalisti og námsefni

Skógarbók Grænni skóga. Útgefandi Lbhí 2006. Ritstjóri Guðmundur Halldórsson.

## Ítarefni og efni á netinu:

Skógarauðlindin – ræktun, umhirða og nýting. Útgefandi Lbhí 2013

Tré og runnar á Íslandi eftir Ásgeir Svanbergsson. Útgefandi: Örn og Örlygur, 1989.

Lauftré á Íslandi. Útgefandi: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.

Bartré á Íslandi. Útgefandi: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.

Íslandsskógar eftir Sigurð Blöndal og Skúla Björn Gunnarsson, 1999.

Skógræktarbókin. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, 1990.

Við skógareigendur. Tímarit. Útgefandi: Landsamtök skógareigenda, 2 tbl. á ári til 2018.  
<https://www.skogarbondi.is/utgafa-vid-skogareigendur>Tenglar á ytra svæði.

Skógræktarritið, er ársrit Skógræktarfélags Íslands sem kemur út 2-svar á ári.

#### **Vefslóðir:**

skogarbondi.is

skog.is

<https://island.is/s/land-og-skogur>

#### **Skipulag áfanga**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Verklegar æfingar:** Tvær verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar í lotuvikum.

**Upptökur:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

#### **Námsmat**

Verkefni gildir 10% í lokaeinkunn, skriflegt lokapróf gildir 90% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskóla FSU, Reykjum, 22. ágúst 2024**

**Björgvin Örn Eggertsson**